

## Fundur í framkvæmdanefnd 16. maí 2022

Fundarmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Skúli Ólafsson, Einar Már Sigurðarson og Birgir Gunnarsson. Sóknarnefnd Heydala mætti á fundinn á Teams undir fyrsta lið á dagskrá og Brynja Dögg Guðmundsdóttir mætti undir lið 2 á dagskrá.

### 1. Heydalir – fundur með sóknarnefnd

- Farið yfir ýmis mál tengd Heydölum s.s. leigu á Breiðadalsá en áin verður friðuð 2023 og 2024 og verða leigutekjur lægri þau ár en hækka svo aftur eftir það. Rætt um önnur hlunnindi af jörðinni s.s. dúntekju, rjúpnaveiði og hreindýraveiði. Fjöldi í sókninni er u.þ.b. 140. Sr. Alfreð Örn Finnsson er tilbúin til að taka sæti í stjórn veiðifélags Breiðadalsár. Rætt um mikilvægi þess að halda jörðinni í góðu standi meðan óvissa er með ábúð.

### 2. Fasteignasvið – ýmis verkefni

- Farið yfir mál tengd umræðum undir lið 1 á dagskránni.
- Rætt um málefni tengd umræðum á síðusta fundi í tengslum við Skálholt. Framkvæmdanefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að verkefni í Skálholti séu fullfjármögnuð áður en farið er af stað með verkefni. Aðkoma Þjóðkirkjunnar hverju sinni að verkefnum í Skálholti verða að miðast við fjárhagsáætlun ársins.
- Samþykkt að kalla eftir upplýsingum um kostað við efni við að mála að utan í Skálholti í sumar. Ákvörðun um heimild til verksins verður tekin þegar þær upplýsingar liggja fyrir.
- Dalvík, málun komin í gang og gerður verður leigusamningur til 6 mánaða. Húsið fer í sölufarli og miðist við afhendingu öðru hvoru megin við næstu áramót.
- Reykhólar; óvissa er með hvort eða hvenær prestur verður í húsinu. Mikilvægt að fá það á hreint áður en tekin verður ákvörðun um framtíð hússins.
- Reykholt; rætt um stöðu mála varðandi hitaveituna o.fl.
- Lögfræðingur á fasteignasviði, málið rætt og samþykkt að BG uppfæri auglýsingu eftir lögfræðingi. Intellecta verður fengið til að auglýsa stöðuna og sjá um ráðningarferlið.

Birgir Gunnarsson ritaði fundargerð.